

# Náttúrufræði/samfélagsfræði

## Unnið með söguramman Þjóðgarðinn

### Aðferð: Söguaðferðin

Mikil samþætting er í verkefninu aðallega í greinunum samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku.

Námbækur og annað ítarefni: Líf á landi, fuglabækur, vefsiður, Landvernd, Umhverfisnefnd og aðrar heimildir sem koma að gagni.

### Kennsluhættir og námsmat

Lögð áhersla á þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum, samvinnu, sköpunargleði, framsögn, ritun á fjölbreyttum texta og margt fleira.

Námsmatið verður fjölbreytt þannig að það gefi heilstæða mynd af hæfni nemandans. Leggja skal áherslu á leiðsagnamat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennaranum. Mikilvægt er að nemandinn viti til hvers er ætlast og séu virkir í sínu námsmati.

Tími Sept-des.	Markmið	Námsþættir og viðfangsefni	Afrakstur og námsmat
1. áfangi	<b>Að nemendur geti</b> <ul style="list-style-type: none"><li>-útskýrt hvað er þjóðgarður og hvers vegna við höfum þjóðgarða</li><li>-lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúruna</li><li>-gert sér grein fyrir eigin lífsýn og skilningi á samspili náttúrunnar og mannsins</li><li>- hugað að náttúruvernd, sjálfbærni og hvernig við getum haft áhrif á samfélagið</li><li>- geti gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum, hlutverkum innan þeirra</li><li>- lýst margvíslegum tilfinningum sem þau verða fyrir í náttúrunni og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun þeirra almennt</li><li>- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu á fordæmalausán hátt</li></ul>	Fjallað um Þjóðgarða og verkefni þjóðgarðsvarða og fjölskyldna þeirra.  Veggmynd af þjóðgarði búin til	Alls konar hópvinna, skrifleg verkefni o.fl. Útbúinn þjóðgarður á vegginn.  Skilningur á hugtakinu þjóðgarður og mikilvægi þjóðgarða  Metið skrifleg umsókn um starf þjóðgarðvarðar
2. áfangi	<b>Að nemendur geti</b>	Framhald frá síðustu viku og byrjað á fuglunum	

	- sett sig í spor þjóðgarðsvarðar og verkefni hans. -áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast		
3. áfangi	<b>Að nemendur geti</b> -lýst einkennum dýra og planta með aðaláherslu á fugla, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt	Fjallað um fugla í þjóðgarðinum	Útbúnir fuglar, skrifaðar ritgerðir, sagt frá fuglum o.fl. Vinna við fuglinn utan sem innan metin. Ritgerð um fuglinn metin.
4. áfangi	<b>Að nemendur þekki</b> ýmsa algengar fuglategundir á Íslandi, einkenni og lífshætti	T.d. ránfuglar, vaðfuglar, sundfuglar, spörfuglar, sjófuglar	Fuglagetraun (varpa upp myndum) Þekja að minnsta kosti 20 fugla
5. áfangi	<b>Að nemendur geti</b> -lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúruna -rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum	Náttúruvernd, sjálfbærni	Fjallað um hugtakið og hvernig við getum haft áhrif í heiminum til að stuðla að náttúruvernd. Heimfært á þjóðgarðinn og umhverfi hans Skilningur á hugtökunum náttúruvernd og sjálfbærni
6. áfangi	<b>Að nemendur geti</b> -séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í náttúrunni -velt fyrir sér hvernig fjölmiðlar fjalla um atvik með áherslu á dagblöð	Óvænt atvik í þjóðgarðinum	Fjallað um óvænt atvik í þjóðgarðinum líkt og fjölmiðlar gera. Afrakstur metinn.
7. áfangi	<b>Að nemendur geti</b> -metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordæmalausán hátt	Lokið við ýmsa lausa enda í sögurammanum, skrifað um reynslu fjölskyldunnar af starfi þjóðgarðsvarðar.	Gefið fyrir vinnubók
8. Áfangi Lok	<b>Að nemendur geti</b> -sýnt samferðafólki sínu tillitssemi, umhyggju og kurteisi	Foreldrakvöld	Undirbúið foreldrakvöld. Farið yfir helstu atriði vinnunnar við söguramman og undirbúin og æfð dagskrá. Próf úr sögurammanum.

Við vinnu þessarar námsáætlunar hefur verið tekið mið af Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 Linda Brá, Brynja og Helga